



FJARÐABYGGÐ

Leikskólakennari í leikskólum Fjarðabyggðar

STARFSLÝSING

Yfirmaður er deildarstjóri

1. Meginviðfangsefni

Leikskólakennari starfar eftir lögum um leikskóla, aðalnámskrá leikskóla og fræðsluog frístundastefnu sveitarfélagsins.

2. Helstu verkefni

2.1 Uppeldi og menntun:

- Vinnur að uppeldi og menntun barnanna.
- Fylgist vel með velferð þeirra og hlúir að
- þeim andlega og líkamlega í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins svo að þau fái notið sín sem einstaklingar.

2.2 Stjórnun og skipulagning:

- Tekur þátt í gerð skólanámskrár, mati á starfsemi leikskólans og þróunarverkefnum undir stjórn leikskólastjóra.
- Tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs deildarinnar undir stjórn deildarstjóra.

2.3 Foreldrasamvinna:

- Vinnur í nánu samstarfi við foreldra/forráðamenn barnanna.
- Situr foreldrafundi sem haldnir eru á vegum leikskólans.

2.4 Annað:

- Tekur þátt í samstarfi við ýmsar stofnanir og sérfræðinga sem tengjast leikskólanum í samráði við deildarstjóra.
- Situr starfsmannafundi og aðra fundi er yfirmaður segir til um og varðar starfsemi leikskólans.
- Sinnir þeim verkefnum er varðar uppeldi og menntun barnanna sem yfirmaður felur honum.

3. Hæfnis- og samstarfsmarkmið

3.1 Menntun, reynsla og hæfni

- Leyfisbréf til kennslu í leikskóla.
- Reynsla af starfi með börnum.
- Þekking á uppeldisstefnum Fjarðabyggðar er æskileg.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæmi og skipulagshæfni.

Fjarðabyggð 04.03.2023

deildarstjóri

skólastjóri